

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2014, mánudaginn 17. nóvember, var haldinn 340. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Bláfjöllum og hófst kl. 09:30. Mættir: Eva Einarasdóttir Reykjavík, Björg Fenger Garðabæ, Guðmundur Magnússon Seltjarnarnesi, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Mosfellsbæ, Pétur Óskarsson Hafnarfirði, Anny Berglind Thorstensen Kópavogi boðaði forföll. Jafnframt: Andrés B. Andreasen fjármálastjóri ÍTR, Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tilkynning frá bæjarritara Garðabæjar dags. 24. sept. sl. þar sem fram kemur að Björg Fenger hafi verið kosin fulltrúi Garðabæjar í samstarfsnefnd skíðasvæðanna og Gunnar Einarsson til vara.
2. Lagt fram yfirlit yfir framkvæmdir. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu framkvæmdir næsta árs.
3. Framkvæmdastjóri sagði frá daglegum rekstri svæðisins og mannahaldi.
4. Rætt um snjóframleiðslu í Bláfjöllum. Framkvæmdastjóra falið að setja saman upplýsingar um snjóframleiðsluna fyrir næsta fund.
5. Rætt um mögulega greiðslutöku fyrir skíðagöngufólk í Bláfjöllum. Framkvæmdastjóra falið að móta tillögur fyrir næsta fund.
6. Farið í skoðunarferð um Bláfjallasvæðið.

Fundi slitið kl. 10:50.

Eva Einarasdóttir

Björg Fenger
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir

Guðmundur Magnússon
Pétur Óskarsson